

Ritstjórnargrein

Íslenskar rannsóknir á krabbameinum í brjóstum

Á síðari helmingi þessarar aldar hafa verið gerðar gróskumiklar rannsóknir í faraldsfræði brjóstakrabbameina á Íslandi. Þetta má að nokkru rekja til aukins skilnings lækna og annarra fræðimanna á mikilvægi faraldsfræðinnar. Áður voru rannsóknir á orsökum sjúkdóma stundaðar í mörgum greinum læknisfræðinnar, en þó kannske mest af meinafræðingum sem í daglegum störfum sínum fengust við leit að orsökum sjúkdóma í einstaklingum. Með tilkomu faraldsfræðinnar hefur áhuginn beinst að orsökum sjúkdóma í hópum fólks.

Nokkrar vörður á þessari leið má benda á. Krabbameinsfélögin stofnuðu Krabbameinsskrána árið 1954 og hefur hún verið grundvöllur þessara rannsókna. Leitarstöð krabbameinsfélaganna tók til starfa áratugi síðar, en hún hefur safnað markverðum upplýsingum um ýmsa áhættuþætti brjóstakrabbameina. Af þeim toga eru greinar um áhættuþætti tengda tíðablæðingum kvenna. Í þeim flokki eru allmargar greinar sem voru meðal þeirra fyrstu sem sýndu fram á að aukinn barnafjöldi minnkar líkur á krabbameinum í brjóstum, en áður hafði verið sýnt fram á að hár aldur við upphaf blæðinga væri áhættuþáttur. Nýlega er komin út grein um það umdeilda atriði hvort notkun getnaðarvarnalyfja auki hættu á krabbameinum í brjóstum í litlum vel skilgreindum hópum.

Hóprannsókn Hjartaverndar hófst árið 1966. Hóprannsóknin hefur verið grundvöllur margvíslegra rannsókna auk rannsókna á æða- og hjartasjúkdómum, þar sem hinn vel skilgreindi hópur gagnast mjög vel. Niðurstöður af samvinnu Hjartaverndar og Krabbameinsskrárinnar hafa meðal annars gefið upplýsingar um hæð og þyngd sem áhættuþátt brjóstakrabbameina.

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands tók til starfa um svipað leyti. Nefndin hefur lagt til upplýsingar sem á hafa verið byggðar rannsóknir á fjölskyldugengi krabbameina, og hafa niðurstöður um ættingja sjúklinga með brjóstakrabbamein fengið mikla athygli. Upplýsingar Erfðafræðinefndar HÍ eru einnig grundvöllur rannsókna í sameindaerfðafræði. Þar hafa tvær rannsóknarstofur verið mjög afkastamiklar á síðustu árum. Þetta eru frumulíffræðideild Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði og Rannsóknastofa Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði. Hvor um sig hafa þessar rannsóknarstofur sent frá sér tugi greina um sameindaerfðafræði brjóstakrabbameina og niðurstöður þeirra hafa nýst til staðsetningar BRCA1 og BRCA2 genanna. Þær hafa varpað ljósi á starfsemi P53 gensins og þess prótíns sem það gen stjórnar framleiðslu á, og sýnt fram á að BRCA2 genið á hlut að krabbameinum í brjóstum karla.*

Ekki má hætta við þessa upptalningu á vörðum við veg íslenskra rannsókna á krabbameinum í brjóstum án þess að geta um doktorsritgerð Gunnlaugs Snædal. Í ritgerðinni er gerð grein fyrir öllum tilfellum brjóstakrabbameina sem fundist höfðu á fyrri hluta aldarinnar. Þannig hefur verið hægt að áætla nýgengi brjóstakrabbameina frá 1910 og bæta þannig framan við það tímabil sem upplýsingar Krabbameinsskrárinnar spanna.

Miklar vonir eru bundnar við að áframhald verði á mikilvægum niðurstöðum íslenskra fræðimanna um orsakir brjóstakrabbameina.

Hrafn Tulinius